

MLÆS1ML03

Búið til: Sun, 08 Feb 2015 23:26:57 GMT

Titill

Menningarlæsi á starfsbraut

Skammstöfun

MLÆS1ML03

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Menningarlæsi

Viðfangsefni

menningarlæsi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum ýmsa merka viðburði í heimssögunni, Íslandssögunni og sögu sveitarfélaganna á Tröllaskaga sem og þær persónur sem sett hafa svip sinn á söguna. Þetta er gert með ýmsum hætti t.d. lestri ýmissa rita, með því að horfa á heimildamyndir og kvikmyndir, skoða ýmiskonar efni á netinu, fara á listsýningar og söfn og fleira. Nemendur vinna ýmiskonar verkefni og kynningar sem tengjast efninu auk þess að sækja söfn og sýningar.

Forkröfur

engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ýmsum merkum viðburðum í sögu heimsins, Íslandssögunni og úr nágrenni sínu
- hlutverki ýmissa þekktra persóna í sögunni
- mikilvægi þess að þekkja til sögunnar
- gildi lista til að sýna og túlka söguna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér ýmsa miðla til að kynna sér söguna: t.d. kennslubækur, handbækur, fræðirit, myndefni og internetið
- leita samhengis og tengsla milli tímabila sögunnar sem og milli svæða heimsins
- tjá skoðanir sínar munnlega og í texta
- sækja listviðburði og söfn

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir gildi og afstæði sögulegra frásagna og skýringa
- njóta betur kvikmynda, sjónvarpsþátta og listsýninga með sögulegum skírskotunum
- geta tekið þátt í umræðum um almenn söguleg málefni

- fá lifandi áhuga á sögu heimsins

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**